



Naustaskóli

Starfsáætlun 1. bekkjar fyrir veturinn 2017-2018

Berglind Bergvinsdóttir - umsjónarkennari

Lilja Þorkelsdóttir - umsjónarkennari

Sunna Alexandersdóttir - umsjónarkennari

Harpa Mjöll Hermannsdóttir - stuðningsfulltrúi

Björn Hanan Abed - stuðningsfulltrúi

Efnisyfirlit

Námsumhverfi/skipulag	2
Námsgreinar	3
Námsgreinar	3
Jákvæður agi og bekkjarfundir	3
Þemu	3
Útikennsla	4
Upplýsingatækni	4
Áhugasviðsvinna	5
Vettvangsferðir	5
Uppákomur	5
Aðalnámskrá grunnskóla	5
Námsmat	6
Námsmöppur	6
Námsmat	6
Nemendasamtöl	7
Foreldrasamstarf	7
Skólafærninámskeið	7
Foreldrasamtöl	7
Samskipti og samvinna	7
Myndir	8
Foreldraboð	8
Föstudagspóstur	8
Heimalestur	8
Teymisvinnan	8
Ársáætlun 1. bekkjar 2017-2018	10

Starfsáætlun 1. bekkjar fyrir veturinn 2017-2018

Námsumhverfi/skipulag

Nemendur verða um 40 í vetur, umsjónarhópar verða þrjár og skiptast jafnt á milli umsjónarkennaranna þriggja. Reynt verður að halda jafnri kynjaskiptingu innan umsjónarhópa. Í teyminu eru þrjár umsjónarkennarar og tveir stuðningsfulltrúar. Umsjónarkennarar sjá um alla kennslu nema sund, íþróttir og listgreinar. Lilja verður í 100% starfshlutfalli, Berglind verður í 80% starfshlutfalli og Sunna í 75% starfshlutfalli. Leitast verður eftir því að hópurinn sé sem ein heild þó hver umsjónarhópur eigi sitt athvarf eða sinn krók. Reiknað er því með að hver umsjónarkennari hafi sinn umsjónarhóp en að allir kennarar muni koma að öllum nemendum á einn eða annan hátt og reynt að hafa hópinn sem mest blandaðan.

Unnið verður í margskonar hópum í vetur, allt fer það eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun verður háttáð hverju sinni. Kennslufyrirkomlag verður margþætt og fer það einnig eftir viðfangsefni. Í sumum tilfellum verður unnið í þarfaskiptum hópum.

Námsumhverfið er lestrarhvetjandi og lögð verður áhersla á að börnin geti verið nokkuð sjálfbær og sjálfstæð í vinnubrögðum. Börnin koma til með að hafa aðgang að lestrarkrók þar sem þau mega vinna sjálfstætt að ýmsum lestrarhvetjandi verkefnum.

Námsmarkmið verða kynnt fyrir nemendum hverju sinni og höfð sýnileg inni á svæði. Verk nemenda verða hengd upp í hæð þeirra eins og kostur er.

Kenndir verða 30 tímar á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn. Á mánudögum eru nemendur þó að koma á misjöfnum tímum úr sundi. Starfsmenn frístundar taka við börnunum áður en þau fara í sund og þegar þau koma úr þeim ferðum. Nemendur fá sér hressingu fyrir frímínútur á morgnana, ýmist nesti að heiman eða ávexti sem hægt er að kaupa í áskrift hjá skólanum. Frímínútur eru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum eru 30 mínútur samtals.

Kennsluhættir verða fjölbreyttir, athafnamiðaðir og sveigjanlegir, unnið verður eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur læra að lesa út frá merkingarbærum textum. Leitast verður eftir að notaðir verði svokallaðir gæðatextar. Lögð verður áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu barnanna o.fl. Einnig er

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

mikið lagt upp úr lesskilningi, ritun og orðaforða. Lögð verður áhersla á að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir geti yfirfært það á daglegt líf. Unnið verður í hringekjum og stöðvum, litlum hópum og stórum hópum.

Unnið verður eftir ársáætlun veturinn 2017-2018. Byrjendalæsisáætlanir verða unnar út frá þeim áætlunum og eru þær ítarlegri lýsing á þeim markmiðum sem unnið er með hverju sinni og útfærsla á þeim. Námsáætlanir verða birtar foreldrum inn á Mentor.is. Þær eru ítarlegar og gefur foreldrum sýn á hvaða viðfangsefni/þemu/markmið fengist er við hverju sinni. Í föstudagspóstum birtum við yfirmarkmið úr námsáætlunum og þar segjum við einnig frá þeim leiðum sem við ætlum að fara í kennslu til að ná markmiðunum.

Námsgreinar

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar verða af umsjónarkennurum í fyrsta bekk eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni (Sjá nánar í ársáætlun veturinn 2017-2018 hvað verður tekið fyrir hverju sinni). Íþróttir, sund og listgreinar kenna aðrir kennarar.

Jákvæður agi og bekkjarfundir

Við komum til með að nýta jákvæðan aga í öllu starfi skólans eftir bestu getu. Í föstudagspóstum okkar kemur fram hvert verkfæri vikunnar er hverju sinni og unnið verður eftir sérstakri kennsluáætlun með jákvæðan aga.

Markmiðið er að byrja alla morgna með sama sniði til að auka öryggi og festu ungra nemenda. Við byrjum í krók og förum yfir daginn með öllum börnunum, dagatal er skoðað, tala dagsins er tekin fyrir í tengslum við 100 daga hátíðina og lag vikunnar sungið. Eftir það fara nemendur í vinnustundir og fá sér síðan hressingu. Síðan halda vinnustundir áfram ásamt íþróttum og listgreinum eftir stundatöflu.

Þemu

Þemu verða fléttuð inn í Byrjendalæsisáætlanir okkar. Þau þemu sem við vinnum með í vetur eru eftirfarandi í tímaröð;

- Skólinn og nærumhverfið
- Skólafærni

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

- Ég fjölskyldan og vinir; mismunandi fjölskyldugerðir
- Vinátta og samskipti
- Samkennd, þakklæti og nægjusemi
- Grýlukvæði og jólasveinarnir/jólapepa
- Álfa- og huldufólkspepa
- Þjóðsagnahefð í kringum Þorrann
- Getnaður/Líkaminn minn
- Árshátíð
- Íslensk húsdýr
- Umferðarfræðsla
- Hringrásir
- Endurvinnsla

Nákvæmari tímasetningar á þeim og innlögnum tengdum þeim koma fram í ársáætlunum og námsáætlunum sem birtar verða á Mentor fyrir skólaárið 2017-2018.

Útikennsla

Nemendur fara reglulega í útikennslu. Í útikennslu er fyrirhugað að taka fyrir leiki, hópefli, íslensku, stærðfræði, og fleira. Stundum verður hún fléttuð saman við þemu, stundum markmið en einnig eftir veðri og ólíkum viðfangsefnum árstíðanna.

Upplýsingatækni

Tölvunotkun er markviss þáttur í kennslunni. Við nýtum námsleiki á leikjavef mms.is í tengslum við markmið kennslunnar hverju sinni til að auka fjölbreytileika. Einnig eru tölvurnar nýttar til upplýsingaöflunar og námsaðlögunnar. Reynt verður að flétta upplýsingatæknina inn í sem flest, bæði námsgreinar og þemun.

Listgreinar

Í vetur mun Heimir Ingimarsson vera með tónmennt og Svandís Þóroddsdóttir mun sjá um annað skapandi starf. Nemendahópnum verður skipt í þrjá hópa og skiptist þannig að einn hópur verður í skapandi starfi í einu en hinir í vinnustundum hjá umsjónarkennurum. Allir hópar fara vikulega í skapandi starf. Nemendahópurinn verður allur saman í einu í tónmennt.

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

Áhugasviðsvinna

Leitast er við að gefa nemendum kost á að vinna verkefni tengd sínum áhugasviðum. Áhersla er lögð á að nemendur efli sínar sterku hliðar og fái tækifæri til að vinna með áhugasvið sitt eins og best verður á kosið. Áhugahvötin er mikilvæg nemendum til góðra verka.

Vettvangsferðir

Farið verður í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu, verða þær tengdar þeim þeim sem unnið verður með hverju sinni. Sem dæmi haustferð í Lystigarðinn, gönguferð í Naustaborgir, ferð á Minjasafnið, bókasafnsferð, ferð í endurvinnsluna, ferð í Norðlenska o.fl.

Uppákomur

Uppákomur geta verið ákveðnar með stuttum fyrirvara en þær uppákomur sem ákveðnar eru nú eru m.a.:

- 1. bekkur verður einu sinni í viku í tónmennt á sal skólans.
- Stefnt er að því að nemendur bjóði foreldrum sínum formlega einu sinni til tvisvar í heimsókn í skólann þar sem nemendur verða með atriði sem þeir flytja fyrir foreldra sína og sýna afrakstur vinnu sinnar.
- Árshátíð skólans verður haldin dagana 22. apríl og 23. apríl þar sem 1. bekkur verður með vel æft atriði.
- Hundrað daga hátíðin verður haldin með pompi og prakt í kringum hundraðasta skóladaginn. Þá mega nemendur koma í búningum, við sláum upp balli og gerum okkur glaðan dag. Börnin fá einnig 10 tegundir af góðgæti og 10 stykki af hverju og samtals telja þau sér 100 stykki af góðgæti og setja í kramarhús. Við horfum jafnvel á bíómynd á meðan góðgætinu eru gerð góð skil.

Aðalnámskrá grunnskóla

Unnið verður eftir nýrri Aðalnámskrá grunnskóla. Verða grunnþættir menntunar sem birtast í nýrri Aðalnámskrá grunnskóla hafðir þar til hliðsjónar og fléttaðir inn í kennsluáætlanir okkar yfir veturinn þannig að hver þáttur fái pláss í náminu. Þar sem grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru, framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif í samfélaginu þá er tiltölulega auðvelt að

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

flétta þá inn í starfið okkar. Einnig verður tekið tillit til lykilhæfnipáttanna nemenda við gerð kennsluáætlana og kennsluáðferðir miðaðar að því að þjálfa lykilhæfni þeirra.

Á bekkjarfundum komum við til með að kynna grunnþætti menntunar fyrir börnunum á þeim tímum sem verið er að vinna með hvern þátt. Við ræðum um hugtökin, útskýrum fyrir hvað þau standa og vinnum jafnvel verkefni sem tengjast þeim.

Námsmat

Námsmöppur

Námsmöppur verða sendar heim með börnunum fjórum sinnum yfir skólaárið. Tvisvar fyrir áramótin og tvisvar eftir áramótin. Þau gögn sem fara í möppurnar verða m.a. kannanir, fjölbreytt sýnishorn af verkefnavinnu nemenda tengt þema hverju sinni, sjálfsmat og heimaverkefni sem nemendur vinna með foreldrum. Möppuna eiga nemendur og foreldrar að nýta sér sem samræðugrundvöll um nám barnsins. Möppurnar sýna einhverskonar þverskurð af námi þar sem ákveðnir þættir eru teknir fyrir í Byrjendalæsi og stærðfræði og gefa glögga mynd af þróun náms hjá nemendum yfir veturinn. Hafa

ber í huga að bæði Byrjendalæsisverkefni og stærðfræðiverkefni geta einnig verið lífsleikni, náttúru- og samfélagsfræðiverkefni. Skipulag á möppunum getur einnig breyst lítillega.

Námsmat

Notaðar verða fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda og flétta námsmat saman við námsferli nemenda og líta á markmið, kennslu og námsmat sem eina heild. Við notum Námsmöppur barnanna til að meta þróun og stöðu náms hjá nemendum. Einnig verður notast við símat og leiðsagnarmat sem fer fram meðan á kennslu stendur og niðurstöður svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega verður fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Að auki leggjum við fyrir læsispróf frá Menntamálastofnun, tvö til þrjú lestrarpróf/stafakannanir og tvær til þrjár kannanir í stærðfræði, bæði verklegar og skriflegar. Fyrsta prófið frá Menntamálastofnun verður lagt fyrir í október og er það lestrarskimunarkönnun sem byggð er á hugmyndum kennsluáðferðarinnar Leið til læsis. Niðurstöður þessarar könnunar geta hjálpað til við

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

að koma auga á mögulega lestrarörðugleika. Unnið verður með þær niðurstöður samkvæmt kennsluáætlunum sem Leið til læsis hefur þróað.

Skráð verður í markmiðalista á Mentor í lok hvernna annar hvaða markmiðum börnin hafa náð og það birt foreldrum jafnóðum. Niðurstöður kannanna verða birtar á Mentor.

Nemendasamtöl

Stefnt er að því að taka skipulögð nemendasamtöl eins og kostur er þar sem hver nemandi er spurður persónulega út í líðan sína og upplifun í skólastarfinu. Reynsla okkar hefur einnig sýnt að þessar umræður eiga sér stað í einhverri mynd nær daglega milli nemenda og kennara.

Foreldrasamstarf

Skólafræðinámsskeið

Í upphafi vetrar er haldið skólafræðinámsskeið fyrir foreldra. Bryndís skólastjóri leiðir námsskeiðið ásamt deildarstjóra og okkur umsjónarkennurum. Á þessu námsskeiði fá foreldrar praktískar upplýsingar um skólastarfið og hvernig þeir geta stutt við barnið sitt í skólastarfinu.

Foreldrasamtöl

Fyrstu tvo daga skólaársins eru foreldrasamtöl. Þá koma foreldrar með börnin sín í samtal við umsjónarkennara. Næstu viðtöl eiga sér stað 26. október. Á vorönn skólaársins þ.e. 25. – 26. janúar eru einnig foreldrasamtöl þar sem farið verður yfir námsframvindu nemenda og þeim og foreldrum gefnar leiðbeiningar um framhaldið. Foreldrar eða kennari geta óskað eftir fleiri samtölum eftir þörfum yfir veturinn.

Samskipti og samvinna

Foreldrar eru beðnir um að vera duglegir að óska eftir samtölum ef þeim liggur eitthvað á hjarta eða vilja nánari upplýsingar varðandi nám barnsins eða skólastarfið. Einnig hvetjum við foreldra til að koma í heimsókn á skólatíma og fylgjast með námi og líðan barna sinna í skólanum. Þá er einnig mjög mikilvægt að foreldrar láti vita af öllum breytingum sem verða á högum sem geta haft áhrif á nám og líðan nemenda í skólanum.

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

Myndir

Notast verður við tölvupóstsamskipti milli foreldra og kennara eftir þörfum. Einnig munum við halda úti Facebook síðu fyrir foreldra þar sem munu birtast myndir úr skólastarfi nemenda og grundvöllur verður fyrir umræður tengdar skólastarfinu. Stofnun síðunnar er þó háð því að foreldrar samþykki hugmyndina.

Foreldraboð

Við stefnum að því að halda eitt til tvö formleg foreldraboð í lok ákveðinna þemu. Í slíku boði verða nemendur með atriði fyrir foreldra sína og sýna þeim afrakstur vinnu sinnar. Að auki mæta foreldrar á árshátíð skólans eins og segir hér að framan og horfa á sýningu barna sinna. Í námsmöppum barnanna hafa þeir svo tækifæri til að koma álitinu sínu á framfæri varðandi skólastarfið.

Föstudagspóstur

Föstudagspóstur verður sendur einu sinni í viku til foreldra þar sem farið er yfir hvernig liðin vika gekk og upplýsingar birtar um helstu áherslupætti vikunnar á eftir. Þar koma fram þeir þættir sem unnið verður með í vikunni og hvaða leiðir verða farnar til að ná þeim markmiðum sem sett eru.

Heimalestur

Heimanám er að mestu í formi heimalesturs. Ætlast er til að nemendur lesi heima eða vinni lestrartengdar æfingar fimm sinnum í viku með foreldrum sínum. Ef nemandi nær ekki að halda áætlun s.s. í stærðfræði þá er óskað eftir samvinnu við foreldra til að styðja við nemandann heima fyrir.

Teymisvinnan

Teymið mun halda trúnaðar- og fagfundi ásamt nemendafundi einu sinni í viku hverri, klukkutíma í senn. Þar verður farið yfir málefni okkar í teyminu sem og einstaka nemenda, allt eftir þörfum. Skipulagsfundir verða í viku hverri og lengd þeirra funda verður misjafn, allt eftir þörfum hverju sinni.

Verkaskipting innan teymisins verður breytileg. Hlutverkin verða nokkur þ.á.m. ritari funda og formaður teymis. Þessi hlutverk munu rúlla á nokkurra vikna fresti.

Markmið teymisins er að allir teymismeðlimir fái notið sín með tilliti til veik- og styrkleika hvers og eins. Við styðjum hvert við annað eins og þörf er. Fagleg ígrundun

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

og samræða verða reglulega á dagskrá funda í vetur. Við höldum inn í þennan vetur með sól í hjarta og bjartsýni að vopni.

Ársáætlun 1. bekkjar 2017-2018

Ársáætlun haustönn 2017 Bekkur: 1. bekkur		Kennarar: Berglind, Lilja og Sunna			
	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Samffr./Nátt úrufr.	-Skólinn og nærumhverfi ð -Skólafærni	-Skólinn og nærumhverfi ð -Vinátta og samskipti Lesi í líðan annarra	-Vinátta og samskipti -Ég, fjölskyldan og vinir	-Samkennd, þakklæti, nægjusemi	-Jólaþema
Íslenska	Þulur og vísur Atkvæði Rím og orðaleikir Söguvinna Fjölbreyttur lestur Stafaþekking Stafrófið Orðaforði Námsmatsvika Lög: Gull og perlur, Broslagið, mánuðirnir, Vikudagarnir og stafrófsvísan	Ásnaskólinn Ýma tröllastelpan Þulur og vísur Atkvæði Stafagerð Hljóðgreining g Orðaforði Lög: Það er leikur að læra, Broslagið, Vináttan, Risatröll	Myrkfælna tröllíð Blómlegt fjölskyldulíf Þulur og vísur Stafur/orð/setning Tákn og hljóð bókstafa Hljóðgreining g Fjölbreyttur lestur Orðaforði Lög: Blómlegt: Ég er gula blómið fína, Takk fyrir mömmu og pabba, Ein stór fjölskylda, Þú ert eins og klettur	Þulur og vísur Hljóðgreining g Persónusköpun un Ritun Orðaforði Námsmatsvika Lög: Þú ert eins og klettur	Jólaþema-Grýlukvæði Þulur og vísur Rím og orðaleikir Stafur/orð/setning un Tákn og hljóð bókstafa Hljóðgreining Fjölbreyttur lestur Orðaforði Lög: Boðskapur Lúkasar, Skín í rauðar skotthúfur, Við óskum þér góðra jóla
Lestur og námsmat	HEIMALESTUR (stafaþjálfun/hljóðalestur) Stafaþekking metin	HEIMALESTUR (stafaþjálfun/hljóðalestur) Sjónrænn orðaforði metinn Lesfimipróf	HEIMALESTUR (stafaþjálfun/hljóðalestur)	HEIMALESTUR	HEIMALESTUR Atkvæðapróf/stafaþekking

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

Stærðfræði	Vinna með tölutáknin 0-10 Talnaskilningur Dagatal NÁMSMAT	Tölutákn 0-10 10 vinir Talnaskilningur Talnaskrift Rúmfræðiform og mynstur (Hringur, þríhyrningur, ferningur, ferhyrningur) Útikennsla Dagatal	Samlagning 0-10 Talnaskilningur Talnaskrift Rúmfræðiform (Hringur, þríhyrningur, ferningur, ferhyrningur) Mynstur Dagatal PALS stærðfræði	Talnalína Mælingar Samlagning Talnaskilningur Talnaskrift Dagatal Mynstur Hugtakavinna (Geti lýst staðsetningu) PALS stærðfræði	Skipta tölum í jafna hópa Talnalína Mælingar Talnaskilningur Talnaskrift Dagatal Samlagning Hugtakavinna (Geti lýst staðsetningu) HEIMANÁMSMAT AT PALS stærðfræði
Íþróttir	Umgengnisreglur og öryggi. Leikur um flautuna.	Stöðvargrunnhreyfingar með boltavinnu. Leikir sem efla samvinnu, þrek og þor. Hreyfiproskapróf	Frjálsar íþróttir. Leikir og æfingar með smááhöld. Hlaupaleikir. Stöðvar, liðleiki og styrkur.	Spaðaíþróttir. Leikir og stöðvar. Kynning á spaðaíþróttum í formi leikja.	Blakboltinn. Stöðvar og leikir. Tarsanleikur.
Sund	Sund – aðlögun	Aðlögun og grunnfærni – Hopp, hlaup, flot, öndun og rennsli. Söngleikir.	Aðlögun – flot, öndun, skriðsundsfætur. Leikir sem efla þor.	Aðlögun – Flot, öndun, kaf og bringusundsfætur. Leikir sem efla þor.	Flot, öndun, skólabaksund og leikir.
Verkgreinar	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d. með teikningu, málun og hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð úr umhverfinu. Helstu	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d. með teikningu, málun og hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð úr umhverfinu. Helstu	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d. með teikningu, málun og hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð úr umhverfinu. Helstu	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d. með teikningu, málun og hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð úr umhverfinu. Helstu	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d. með teikningu, málun og hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð úr umhverfinu. Helstu hugtök tónlistar kynnt.

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

	hugtök tónlistar kynnt.	hugtök tónlistar kynnt.	hugtök tónlistar kynnt.	hugtök tónlistar kynnt.	
Jákvæður agi	Æfa að fara í hring Samvinna Hvatning	Líðan í skólabyrjun Bekkjarsáttm áli Að skapa venjur Við ákváðum	Að skapa venjur Störfin í bekknum	Af hverju höldum við bekkjarfundi	Lausnahjólið

Ársáætlun vorönn 2018		Bekkur: 1. bekkur			Kennarar: Berglind, Lilja og Sunna	
	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	
Samffr./Nát túrufr.	-Álfar og huldufólk -Þorrinn	-Getnaður -Líkaminn minn	-Árshátíð	-Íslensk húsdýr	-Umferðarfræðsla -Hringrásir -Endurvinnsla	
Íslenska	Álfareiðin Gunnhildur og Glói Kuggur - Þorrablót Þulur og vísur Tákn og hljóð bókstafa Sérhljóðar/sa mhljóðar Hljóðgreining Sögur Fjölbreyttur lestur Lög: Álfareiðin, Álfadans, Komdu með inn í álfanna heim	Svona varð ég til Þulur og vísur Sögugerð Sögur Fjölbreyttur lestur Algengar orðmyndir P/B/D vinna Lög: Allir hafa eitthvað til að ganga á, Furðuverk, höfuð, herðar, hné og tær	Komdu og skoðaðu líkamann Þulur og vísur Sögugerð Vinna með sögur Samsett orð Fjölbreyttur lestur Algengar orðmyndir Kynning á samheiti/an dheiti Lög: Allir hafa eitthvað til að ganga á, Furðuverk, höfuð,	Helgi skoðar heiminn Þulur og vísur Sögugerð Vinna með sögur Fjölbreyttur lestur Algengar orðmyndir Lög: Hani, krummi, hundur svín, Fyrr var oft í koti kátt,	Númi og höfuðin sjö Komdu og skoðaðu hringrásirnar Myndbönd af sorpa.is (Trjálfar) Þulur og vísur Sögugerð Vinna með sögur Fjölbreyttur lestur Lög: Vorlög	

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

			herðar, hné og tær	Vorlög	
Lestur	HEIMALESTUR Sjónrænn orðaforði metinn Lesfimipróf	HEIMALESTUR Læsispróf	HEIMALESTUR Lesskilning spróf	HEIMALESTUR	HEIMALESTUR Atkvæðapróf Sjónrænn orðaforði metinn Lesfimipróf
Stærðfræði	-Samlagning tölur 0-20 -Talnalína -Skipta tölum í jafna hópa PALS stærðfræði NÁMSMAT	-Frádráttur tölur 0-10 -Talnalína frádráttur PALS stærðfræði STÆRÐFRÆÐI KÖNNUN UNNIN HEIMA	-Frádráttur tölur 0-20 -Talnalína frádráttur PALS stærðfræði - Stærðfræði þrautir -Súlurit	-Frádráttur tölur 0-20 -Mælingar -Klukka -Peningar	-Dagatal -Upprifjun STÆRÐFRÆÐI KÖNNUN
Tungumál					
Íþróttir					
Verkgreinar	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d. með teikningu, málun og	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d. með teikningu, málun og hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d.	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d.	Að nemandi geti sungið í hóp, fjölbreytt sönglög og geti hlustað og sýnt viðbrögð, t.d. með teikningu, málun og hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð

1. bekkur starfsáætlun 2017-2018

	hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð úr umhverfinu. Helstu hugtök tónlistar kynnt.	úr umhverfinu. Helstu hugtök tónlistar kynnt.	með teikningu, málun og hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð úr umhverfinu. Helstu hugtök tónlistar kynnt.	með teikningu, málun og hreyfingu við fjölbreytta tónlist og hljóð úr umhverfinu. Helstu hugtök tónlistar kynnt.	úr umhverfinu. Helstu hugtök tónlistar kynnt.
Jákvæður agi	Gridarstaður	Að hafa heilann í hendi sér	Tilfinninga hjólið	Kalli krumpaði	Samskiptafærni